

Nr. 20-025 S 018 Höfrungur III AK 250***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1902
IMO 8704987
Smíðaður: Kristinasund N. Noregi 1988
Útgerð: Brim hf
Stærð: 784,1 brl. 1521 bt.
Mesta lengd: 55,6 m *Skráð lengd:* 47,52 m
Breidd: 12,8 m *Dýpt:* 8 m
Vél: Wichmann 3000 kW, 1988
Fjöldi skipverja: 27



Höfrungur III ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Slysatilkynning frá skipi
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi þann 28. ágúst 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 5. febrúar 2020 var Höfrungur III AK 250 á veiðum á SV miðum. Veður: SSV 20 m/sek og um 4 m ölduhæð.

Skipverji féll aftur fyrir sig þegar hann var að draga grandara út af spili við það að skipið tók snögga veltu og lenti skipverjinn á bakinu á skilrúmi í þilfarinu fyrir trollið. Siglt var með slasaða til Reykjavíkur tveimur dögum síðar.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn rifbeinsbrotnaði og brákaði hryggjarlið.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.